

Ed.

984. Frumvarp til laga

[274. mál]

um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

Samhljóða þskj. 555 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.

Í lögum þessum merkir planta heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Meiri merkir frávik frá því, sem heilbrigt má teljast, og skaðvaldur merkir þær lífverur og lífræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

5. gr. hljóðar svo:

Eigendur plantna, gróðurstöðva og annarra ræktunarstaða, flutningstækja og bygginga, og þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir, er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast skv. 2. gr. þessara laga.

6. gr. hljóðar svo:

Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að framkvæma á eigin kostnað þær aðgerðir, er landbúnaðarráðherra eða umboðsmenn hans ákveða. Framkvæma þer aðgerðirnar undir eftirliti opinberra aðila. Heimilt er að gera slíkar aðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.